

ÖRYGGISKORT FYRIR SJÚKLING

[fyrir Dabigatran etexilate Leon Farma 75 mg/110 mg/150 mg hörð hylki]

Dabigatran etexilate Leon Farma hörð hylki dabigatran etexílat

- Þú/umönnunaraðili þinn skuluð ávallt hafa öryggiskortið meðferðis
- Vertu viss um að vera með nýjustu útgáfuna af öryggiskortinu

Kæri sjúklingur/umönnunaraðili sjúklings á barnsaldri,

Læknirinn þinn/barnsins hefur hafið meðferð með Dabigatran etexilate Leon Farma. Til þess að nota Dabigatran etexilate Leon Farma á öruggan hátt skaltu íhuga mikilvægar upplýsingar í fylgiseðlinum.

Þar sem þetta öryggiskort fyrir sjúkling inniheldur mikilvægar upplýsingar um meðferðina sem þú/barnið ert á, skaltu ávallt hafa öryggiskortið meðferðis til þess að upplýsa heilbrigðisstarfsfólk um að þú/barnið notir Dabigatran etexilate Leon Farma.

Upplýsingar um Dabigatran etexilate Leon Farma fyrir sjúkling/umönnunaraðila sjúklings á barnsaldri

Um meðferðina sem þú/barnið ert á

Dabigatran etexilate Leon Farma þynnir blóðið. Það er notað til meðferðar á blóðtöppum sem eru til staðar eða til að koma í veg fyrir myndun hættulegra blóðtappa.

Fylgdu fyrirmælum læknisins/læknis barnsins um notkun Dabigatran etexilate Leon Farma. Slepptu aldrei skammti og ekki hætta að taka Dabigatran etexilate Leon Farma án þess að ræða fyrst við lækninn/lækni barnsins.

Láttu lækninn/lækni barnsins vita um öll önnur lyf sem þú/barnið notar. Láttu lækninn/lækni barnsins vita um inntöku Dabigatran etexilate Leon Farma áður en þú þarft að gangast undir skurðaðgerð/ífarandi aðgerð. Dabigatran etexilate Leon Farma hörð hylki má taka hvort sem er með eða án matar. Hylkið á að gleypa í heilu lagi með glasi af vatni. Ekki má brjóta hylkið eða tyggja það og ekki má fjarlægja kornin úr hylkinu.

Hvenær leita á læknishjálpar

Taka Dabigatran etexilate Leon Farma getur aukið blæðingarhættu. Ræddu tafarlaust við lækninn/lækni barnsins ef þú/barnið finnur fyrir merkjum og einkennum blæðingar eins og: bólga, óþægindi, óvenjulegur verkur eða höfuðverkur, sundl, fölvi, slappleiki, óvenjulegir marblettir, blóðnasir, blæðingar úr tannholdi, óvenjulega langvarandi blæðing úr sári, óeðlilegar tíðablæðingar eða blæðing úr leggöngum, blóð í þvagi sem getur verið bleikt eða brúnt, rauðar/svartar hægðir, blóðhósti, uppköst sem eru blóðug eða líkjast kaffikorgi.

Ef þú dettur eða meiðir þig, sérstaklega ef þú rekur höfuðið í, er áriðandi að leita til læknis.

Ekki hætta að taka Dabigatran etexilate Leon Farma án þess að ræða fyrst við lækinn/lækni barnsins ef þú/barnið finnur fyrir brjóstsviða, ógleði, uppköstum, magaþægindum, uppþembu eða verkjum í efri hluta kviðar.

Upplýsingar um Dabigatran etexilate Leon Farma fyrir heilbrigðisstarfsfólk

Dabigatran etexilate Leon Farma er segavarnarlyf til inntöku (trombínhemill með beina verkun).

Nauðsynlegt gæti verið að hætta meðferð með Dabigatran etexilate Leon Farma áður en skurðaðgerð eða ífarandi aðgerð fer fram.

Í meiri háttar blæðingartilvikum á að stöðva meðferð með Dabigatran etexilate Leon Farma tafarlaust.

Sértækt viðsnúningslyf (idarucizumab) er fáanlegt handa fullorðnum sjúklingum. Ekki hefur verið sýnt fram á verkun og öryggi sértæka viðsnúningslyfsins idarucizumabs hjá börnum. Frekari upplýsingar og fleiri ráð til að vinna á móti segavarnaráhrifum Dabigatran etexilate Leon Farma má finna í samantekt á eiginleikum lyfs fyrir Dabigatran etexilate Leon Farma og idarucizumab.

Dabigatran etexilate Leon Farma skilst aðallega út um nýru. Því verður að viðhalda fullnægjandi þvagmyndun. Dabigatran etexilate Leon Farma skilst út með blóðskilun.

Vinsamlegast fyllið inn eftirfarandi upplýsingar eða biðjið lækinn/lækni barnsins um það.

Upplýsingar um sjúkling

Nafn sjúklings

Kennitala

Ábending fyrir segavarnarmeðferð

Skammtur af Dabigatran etexilate Leon Farma